STJÓRNARTÍÐINDI B 63 – 2001

Nr. 464 1182 25. júní 2001

REGLUGERÐ

um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun á nikkeli í vörum sem komast í beina og langvarandi snertingu við hörund til að koma í veg fyrir ofnæmi af völdum nikkels.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerðin nær til vöru úr málmi og vöru sem í eru málmhlutir ef málmurinn getur komist í beina og langvarandi snertingu við hörund. Dæmi um slíkar vörur og hluti eru:

- eyrnalokkar, hálsmen, armbönd, keðjur, ökklakeðjur og hringir,
- armbandsúr: úrkassar, ólar og sylgjur,
- hnoðhnappar, smellur, hnoð, rennilásar og málmmerki, þegar slíkt er notað á flíkur.

Takmarkanir á notkun nikkels.

3. gr.

Óheimilt er að nota nikkel (CAS nr. 7440-02-0, EINECS nr. 231-111-4) og efnasambönd þess í eftirtalið:

a) Pinna sem stungið er í götuð eyru eða aðra gataða líkamshluta á meðan sárið af völdum götunarinnar er að gróa. Þetta á við hvort sem pinninn er fjarlægður strax eða ekki, nema málmblanda pinnans sé einsleit og hlutfall nikkels miðað við þyngd sé minna en 0,05% mælt með aðferð 1 sem lýst er í 5. gr.

b) Vörur skv. 2. gr. ef hraði nikkellosunar frá þeim hlutum vörunnar sem koma í beina og langvarandi snertingu við hörund er meiri en 0,5 $\mu g/cm^2$/viku, mælt með aðferð 2 sem lýst er í 5. gr.

c) Málmhluti skv. 2. gr. með nikkelfrírri húð, nema húðin nægi til að tryggja það að hraði nikkellosunar frá þeim hlutum sem koma í beina og langvarandi snertingu við hörund sé ekki meiri en 0,5 $\mu g/cm^2$/viku á tveggja ára tímabili, við eðlilega notkun vörunnar, mælt með aðferð 3 sem lýst er í 5. gr.

Markaðssetning.

4. gr.

Óheimilt er að markaðssetja eða selja vörur sem kveðið er á um í 2. gr. nema þær uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr.

Gutenberg

Prófunaraðferðir.

5. gr.

Þrjár staðlaðar prófunaraðferðir fyrir nikkel hafa verið samþykktar af Evrópska staðlaráðinu (CEN) og gilda þær hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessar aðferðir eru til mælinga á hlutfalli nikkels í málmblöndu, losunar nikkels úr málmhlutum og losunar nikkels úr málmhlutum sem húðaðir eru með öðrum efnum.

Aðferðirnar eru:

1. Viðmiðunarmæling til ákvörðunar á magni nikkels með atómgleypnimælingu (EN 1810:1998).
2. Viðmiðunarmæling á losun nikkels frá vörum sem eru í beinni og langvarandi snertingu við hörund (1811:1998).
3. Aðferð sem líkir eftir sliti og tæringu til mælingar á losun nikkels frá húðuðum málmhlutum (EN 12472:1998).

Eftirlit.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Viðurlög.

7. gr.

Um mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála. Um refsingu fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Höfð er hliðsjón af ákvæðum 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna eins og henni er breytt með tilskipun 94/27/EB).

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. júní 2001.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.